



Borgarráð

***Bústaðavegur 151B, 151C og 151D - breyting á gjalddaga gatnagerðargjalda***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að gjalddagi gatnagerðargjalda fyrir lóðirnar Bústaðavegur 151B, 151C og 151D verði 45 dögum eftir að lóðirnar hafa verið tilkynntar byggingarhæfar til lóðarhafa.

*Greinargerð:*

Á fundi borgarráðs þann 22. ágúst 2019 var samþykkt að úthluta Rafkaup hf., kt. 671290-1519, Ármúla 24, 108 Reykjavík, lóðum og byggingarrétti að Bústaðavegi 151B og 151C í samræmi við tilboð fyrirtækisins í útboði þann 10. apríl 2019. Einnig var samþykkt að úthluta Slippfélaginu ehf., kt. 631209-1650, Dalvegi 18, 201 Kópavogi, lóð og byggingarrétti að Bústaðavegi 151D, í samræmi við niðurstöðu útboðs þann 10. apríl 2019. Á fundi borgarráðs þann 19. september 2019 samþykkti borgarráð að Óskar Rafnsson ehf., kt. 701294-5569, Ármúla 24, 108 Reykjavík, verði nýr lóðarhafi og eigandi byggingarréttar á lóðunum Bústaðavegur 151B og 151C, og komi í stað Rafkaups hf., sem lóðarhafi og eigandi byggingarréttar á lóðunum.

Samkvæmt úthlutunar- og útboðsskilmálum dags. 3. maí 2018, sem gilda um sölu byggingarréttar á lóðunum, skal greiða gatnagerðargjald 45 dögum eftir sérstaka tilkynningu Reykjavíkurborgar til tilboðsgjafa um að lóðirnar séu byggingarhæfar. Í úthlutunarbréfum fyrrgreindra lóða var hins vegar miðað við að gatnagerðargjald skuli greitt 45 dögum eftir úthlutun lóðanna. Óskað er eftir að gjalldaginn verði leiðréttur til samræmis við úthlutunarskilmála og samþykkt verði að tilboðsgjafar skuli greiða gatnagerðargjald 45 dögum eftir að lóðirnar hafa verið tilkynntar byggingarhæfar.

Óli Jón Hertervig